



Ástand spennikapla í steyptum brúm – Áfangaskýrsla 3. Baldvin Einarsson, Efla hf. – mars 2021.

Ágrip skýrsluhöfundar:

Í þessari skýrslu, sem er rannsóknarverkefni um ástand spennikapla í steyptum brúm, er fyrst fjallað um eftirspenntar brýr á Íslandi almennt og hvernig staðið var að uppspennu þeirra og grautun. Þá er farið lauslega yfir ástandskönnun á spenniköplum í brúnum á Blöndu og tveimur brúm yfir gjána í Kópavogi, en það voru tveir Finnar frá Rambøll sem gegnumlýstu brýrnar í leit að holrýmum í kapalrörum.

Eftir samanburð á breskri og íslenskum verklýsingum, sem gerður var í síðustu skýrslu, er gerð tillaga að breytingum á almennum verklýsingum fyrir tvo verkþætti í verklýsingum Vegagerðarinnar. Í fyrsta lagi verkþátt 84.36, Spennt járnalögn og í öðru lagi verkþátt 84.37, Uppspenna og grautun.

Þá er sett fram tillaga að sniðmáti fyrir uppspennu- og grautunarskýrslu. Markmiðið með staðlaðri skýrslu er að sjá til þess að öllum gögnum um framkvæmd eftirspenntar járnalagnar sé haldið til haga.

Loks eru sett fram drög að gátlistum fyrir allt sem lýtur að eftirspenntum brúm. Þar er fyrst gátlisti fyrir hönnuði, þá eru gátlistar fyrir eftirlit með útfærslu vinnunnar á verkstað. Loks eru settar fram hugleiðingar varðandi verklýsingarnar til umræðu meðal hönnuða og eftirlitsaðila og hverju væri ástæða til að breyta þegar fram líða stundir.

Að lokum eru svo talin atriði sem eftir er að skoða frekar varðandi endingu og ástand eftirspennta brúa.